

Fundargerð 23. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 5. janúar kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Birna Ólafsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Guðmundur Fylkisson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Stefán B. Veturliðason, verkefnastjóri, Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Tilboð vegna jarðvinnu.

Fjórir bjóðendur eru í jarðvinnu, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu óskar eftir að fá að semja við Grafa og grjót ehf. sem eru með lágsta tilboð og uppfylla öll skilyrði útboðs. Tilboðið er 70% undir kostnaðaráætlun sem telst got.

Verkefnastjórnin heimilar sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðenda sem er Grafa og grjót ehf.

2. Lögð fram tillaga að nýtingu jarðhæðar hjúkrunarheimilisins.

Í fylgiskjali er tillaga að nýtingu jarðhæðarinnar. Lagt fram og umræður. Komið verður með nýja tillögu á næsta fundi.

3. Farið yfir næstu skref framkvæmdanna - útboð.

Spurning um hvort fara eigi í eitt eða tvö útboð vegna næstu framkvæmdaliða. Umræður um hvort hagkvæmara sé að hafa einn verktaka. Rýna þarf verkáætlunina vel og óskað er eftir tillögu að nýrri verkáætlun á næsta fundi verkefnastjórnar. Nú er hægt að skoða verkáætlun raunhæft og eðlilegt að hún sé endurskoðuð á þessum tímapunkti.

4. Íbúafundur.

Rætt um dagskrá íbúafundar þann 19. jan. n.k.

Drög að dagskrá:

Skóflustunga

Arkitekt kynnir framkvæmdina

Prívíddarmyndir sýndar

Velferðarráðuneytið, fer yfir hugmyndir varðandi rekstur heimilisins.

Fundur verður að viku liðinni.

Fundi slitið kl. 17:00.

